

## Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Ár 2018, mánudaginn 25. júní, var haldinn 1. fundur menningar- íþrótt- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13:30. Viðstödd: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Sabine Lesköpf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Biörn Gíslason, Örn Þórðarson og Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram, Ómar Einarsson, Huld Ingimarsdóttir, Helga Björnsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. júní 2018, um kosningu sjö fulltrúa í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og sið til vara á fundir borgarstjórnar 19. júní sl. Formaður var kjörinn Pawel Bartoszek. RMF18060004
2. Varaformaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs er kosinn Hjálmar Sveinsson með 4 atkvæðum. Biörn Gíslason hlaut 3 atkvæði. RMF18060004
3. Lagt er til að fundir menningar- íþrótt- og tómstundaráðs verði haldnir 2. og 4. mánudag í mánuði kl. 13.30. RMF18060004  
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í MÍT leggja til að á fundum ráðsins sé gætt jafnræðis milli annars vegar íþrótt- og tómstundasviðs og hins vegar menningarsviðs varðandi áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins t.d. hvað varðar fjölda fulltrúa. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í MÍT leggja til að fundum ráðsins verði skipt upp á þann veg að annar fundurinn verði tengdur menningarmálum og næsti helgaður íþrótt- og tómstundamálum.

4. Lögð fram umsögn ráðgefandi fagaðila, dags. 21. júní 2018, um úthlutun styrkja ársins 2018 fyrir myndríka miðlun tengda sögu og menningu í Reykjavík. Í umsögninni er lagt til að sjö umsóknir hljóti styrk: Olafur Þorsteinsson vegna birtingar mynda á vef um knattspyrnufélagið Víking, kr. 29.100; Sögur útgáfa vegna útgáfu myndríkrar bókar um Reykjavík um aldamótin 1900, kr. 150.000; Skrudda vegna útgáfu myndríkrar bókar um sögu revíunnar á Íslandi, kr. 330.000; Forlagið vegna útgáfu myndríkrar bókar um ljóðskáldið Dag Sigurðarson, kr. 250.000; Forlagið vegna útgáfu myndríkrar bókar um myndlistarmanninn Kjarval, kr. 250.000; Crymogea vegna útgáfu myndríkrar bókar um skipulagssögu Íslands, kr. 330.000 og Úrbanistan ehf. vegna útgáfu myndríkrar bókar um sögu Reykjavíkur, kr. 150.000. RMF18020021  
Samþykkt.

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á starfsemi menningar- og ferðamálasviðs.
6. Fram fer kynning á starfsemi íþrótt- og tómstundasviðs.

### Fundi slitið kl. 15:28

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson  
Sabine Lesköpf  
Örn Þórðarson

Elín Oddný Sigurðardóttir  
Biörn Gíslason  
Baldur Borgþórsson